

15. gr.

Þegar rætt er um fasteignamatsverð í gjaldskrá þessari, er átt við fasteignamat það, er öðlaðist gildi um áramótin 1979—1980 og fylgir síðan breytingum á fasteignamatinu.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15, 29. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja frá 9. febrúar 1981.

Félagsmálaráðuneytið, 16. júní 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

10. apríl 1981.

Nr. 305.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Magnúsar Guðbrandssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. apríl 1981.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Magnúsar Guðbrandssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Magnúsar Guðbrandssonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 240 000.00 (g.kr.), sem Magnús Guðbrandsson, fulltrúi afhenti Knattspyrnuráði Reykjavíkur á 60 ára afmælishátíð ráðsins 29. maí 1979, til minningar um þá menn, sem sátu í fyrsta Knattspyrnuráði Reykjavíkur ásamt Magnúsi, þá Egil Jacobsen frá Í. S. Í., Pétur Sigurðsson frá Fram, Erlend Ó. Pétursson frá K. R. og Axel Andrésson frá Víkingi, en Magnús sat í ráðinu frá Val. Magnús óskaði þess, að fénu yrði varið til unglinga- og kennslumála á vegum ráðsins, eins og segir í gjafabréfinu.

3. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til þess að verða við þessari ósk Magnúsar Guðbrandssonar og til minningar um fyrsta Knattspyrnuráð Reykjavíkur.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) vextir
- b) gjafir og áheit, sem sjóðnum kunna að berast
- c) tekjur, sem stjórn sjóðsins kann að afla honum.

5. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja og efla unglinga- og kennslumál á vegum Knattspyrnuráðs Reykjavíkur, samkv. nánari fyrirmælum ráðsins og ákvörðunum hverju sinni og annast stjórn sjóðsins veitingu styrkja, sem ráðið ákveður.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, sem fyrsta sinni eru kosnir af Knattspyrnuráðinu, en síðan kosnir árlega á aðalfundi ráðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins, fundarsamþykktir og annað er varðar sjóðinn. Stjórnin heldur og bók yfir eigur sjóðsins, tekjur og gjöld. Gjafir til sjóðsins skal láta skrá í sérstaka bók.

8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Knattspyrnuráðsins.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt, nema með einróma samþykkt sjóðsstjórnar og samþykkt aðalfundar Knattspyrnuráðs Reykjavíkur.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 50 19. febrúar 1976 fyrir
Vatnsveitu Sauðárkróks.

18. gr. orðist svo:

Þegar vatn er selt samkvæmt mæli eða vatnsnotkun er áætluð skv. 17. gr. skal greiða auk gjalds skv. 16. gr. kr. 1.14 fyrir hvern rúmmetra vatns. Gjöld samkvæmt þessari grein eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar pr. 1. janúar 1981 (626 stig) og breytast samkvæmt henni þegar breytingar verða á nefndri vísitölu. Gjöld samkvæmt þessari grein ber að greiða fyrir 2 mánuði í senn. Gjald dagi er við framvísun reiknings. Gjöldin eru eindöguð ef greiðsla hefur ekki farið fram innan 10 daga frá gjalddaga.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. júní 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.